

97

11. gr.

16. des. Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

98

L Ö G

16. des.

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. kafli 1. gr. laganna orðist svo:			Vöru-	Verð-
Ávextir til neyzlu, nýir og þurrkaðir.			magns-	tollur
Ávextir nýir:		Toll-	tollur	%
		eining	Aurar	
1	— ananas	1 kg	7	10
2	— appelsínur	—	7	10
3	— bananar	—	7	10
4	— bláber	—	7	10
5	— einiber	—	7	10
6	— epli	—	7	10
7	— ferskjur	—	7	10
8	— grapefruit	—	7	10
9	— hindber	—	7	10
10	— jarðarber	—	7	10
11	— kirsiber	—	7	10
12	— mandarínur	—	7	10
13	— melónur	—	7	10

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
14 — múltuber	1 kg	7	10
15 — perur: í mánuðunum febrúar til og með júlí	—	3,36	10
15a — — í öðrum mánuðum	—	7	10
16 — plómur	—	7	10
17 — ríbsber	—	7	10
18 — sítrónur	—	7	10
19 — sólber og stíkilsber	—	7	10
20 — tituber	—	7	10
21 — vínber: í mánuðunum febrúar til og með júlí	—	3,36	10
21a — — í öðrum mánuðum	—	7	10
22 — aðrir	—	7	10
Ávextir þurrkaðir:			
23 — aprikósur	—	7	25
24 — blandaðir ávextir	—	7	25
25 — bláber	—	7	25
26 — döðlur	—	7	25
27 — epli	—	7	25
28 — ferskjur	—	7	25
29 — fikjur	—	7	25
30 — kirsiber	—	7	25
31 — kúrennur	—	7	25
32 — perur	—	7	25
33 — rúsinur	—	7	25
34 — sveskjur	—	7	25
35 — aðrir	—	7	25
Hnetur, heilar eða muldar:			
36 — kókoshnetur og mjöl úr þeim	—	7	10
37 — aðrar	—	7	10
38 — möndlur	—	7	10
39 Hnetukjarnar og aðrir ávaxtakjarnar, ót. a.	—	7	10

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.